

**Nd.** **110. Frumvarp til laga** [99. mál]  
um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum.

Flm.: Matthías Bjarnason.

1. gr.

Við 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:  
16. Rekaviður.

2. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:  
12. Vinnsla á rekavið unnin af eiganda eða rétthafa rekans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða álagðan söluskatt árin 1975 til 1978 að báðum árum meðtöldum á unninn rekavið til eiganda eða rétthafa rekans ef hann færir sönnur á að kaupandi hafi ekki greitt söluskatt.

## Greinargerð.

Með þessu frumvarpi er lagt til að rekaviður og vinnsla á rekavið, sem unnin er af eiganda eða réttihafa rekans, sé algerlega undanþegin söluskatti.

Allt frá þeim tíma sem lög um söluskatt tóku gildi hefur, að því er flm. þessa frv. veit best, ekki verið lagður söluskattur á rekavið, hvorki unninn né óunninn, þar til í desember 1975 var a. m. k. í einu skattumdæmi á landinu lagður söluskattur á þá sem nytjað höfðu rekavið og unnið úr honum og selt. Þessi söluskatts-álagning náði fimm ár aftur í tímann eða fyrir árin 1970 til 1974. Þeim, sem urðu fyrir þessari skattálagningu og nytjað höfðu reka öll þau ár, frá því söluskattur var lögleiddur, þótti hér ranglega að sér vegið. Síðan hefur verið lagður söluskattur á söluandvirði vöru, sem unnin er úr rekaviði, en það eru að verulegu leyti girðingarstaurar. Þeir aðilar, sem kært hafa álagningu söluskatts á vöru unna úr rekavið, hafa réttilega bent á, að skattfyrvöld hafa ekki lagt söluskatt á þessa starfsemi fyrr en á árinu 1975.

Álagning söluskatts á vöru unna úr rekavið á sér vafalaust stoð í söluskattslögum, og hefur ríkisskattstjóri með bréfi, dags. 3. maí 1978, svarað fyrirspurn varðandi álagningu sölugjalds á söluverð girðingarstaura á þann veg, að sala girðingarstaura sé söluskattskyld skv. almennum ákvæðum laga nr. 10 22. mars 1960 (söluskattslaga) með síðari breytingum, sbr. 2. mgr. 2. gr. laganna og nánar í II. kafla þeirra, og ekki sé að finna undanþágu til að fella niður þann söluskatt.

Þrátt fyrir þennan skilning og túlkun á umræddum lögum um söluskatt er það staðreynd, að skattfyrvöld hafa ekki lagt söluskatt á þessa starfsemi fyrr en í árslok 1975, en þá hafði söluskattur verið í lögum síðan 1947 eða í 28 ár. Frá aldaöldli hefur verið litið á trjáreka til landsnyttja og þar af leiðandi sem hluta af búgrein og hefur hann verið veruleg tekjuöflun á mörgum jörðum á liðnum öldum.

Á síðustu árum fer þeim ört fækkandi sem nýta þessi hlunnindi, og er sist ástæða til að skattleggja á þennan hátt vinnu þessa fólks sem er að gera verðmæti úr trjáreka og spara með því gjaldeyri fyrir þjóðina. Nokkrir bændur, sem hættir eru búskap með skepnur, og enn aðrir, sem hey hafa aflögu, selja hey og er sú sala undanþegin söluskatti. Vinna við húsbýggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja er undanskilin söluskatti.

Hér fer á eftir lýsing þriggja bræðra sem stundað hafa nýtingu reka og vinnslu úr honum. Vinna á rekavið fer þannig fram:

„Fyrst er að smala honum saman, af 30 til 40 km strandlengju við brimasama strönd fyrir opnu hafi. Velta honum eða bera á sjálfum sér til sjávar, binda hann á kaðla og draga á smávélbátum heim að vinnslustað. Taka hann þar úr sjónum á land upp, búta hann niður í ákveðnar stærðir, velta honum eða rúlla að söginni, sem er í húsi og er 35 ára gömul, heimasíðuð, að undanskildu sagarhjólí og aflvél. Þar er timbrið rist niður, og er það eina vinnan við framleiðsluna, sem fer fram undir þaki. Síðan þarf að bera það út, fram á sjávarkletta, þar sem það bíður útskipunar. Fer hún oftast fram á smábátum um borð í 10 til 15 tonna vélbáta, sem við höfum fengið síðustu ár til þessara flutninga, til Ingólfsfjarðar eða Bolungarvíkur. Á þessar hafnir verðum við að koma girðingarstaurunum í tengsl við samgöngukerfi landsins. Þetta er engin færibandavinna. Mannshöndin ein vinnur hvert verk, að mestu undir beru lofti.

Finnst okkur, að helst megi líkja þessari vinnu við sjósókn. Það er því alveg út í hött að kalla þessa vinnu „verksmiðjurekstur“. Meira er það af gömlum vana og tryggð við heimahagana, sem við nú á gamalsaldri dveljum þarna fyrir norðan, nokkrar vikur á sumri hverju, og dundum við að hagnýta þessi hlunnindi jarða okkar“.

Hvers vegna á þessi vinna að vera söluskattskyld fremur en heyskapur og vinna við mannvirkjagerð?